

**Sp.**

## **85. Skýrsla**

[82. mál]

iðnaðarráðherra um fjárhagslega endurskipulagningu Sjóefnavinnslunnar hf. á Reykjanesi.

(Lögð fyrir Alþingi á 110. löggjafarþingi 1987.)

### **I. INNGANGUR**

Með lögum nr. 62/1981 var ríkisstjórninni heimilað að beita sér fyrir stofnun hlutafélags til að reisa og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi, svo og að leggja fram hlutafé úr ríkissjóði og veita ríkisábyrgð fyrir lánnum til hlutafélagsins.

Stjórn fyrirtækisins er kosin á aðalfundi nema fulltrúar ríkissjóðs sem skipaðir eru af iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra að jöfnu, en iðnaðarráðherra skipar formann. Iðnaðarráðherra fer, skv. 2. mgr. 1. gr. laganna, með mál er snerta eignaraðild ríkisins að félaginu.

Sjóefnavinnslan hf. var stofnuð 12. desember 1981. Eigendur eru ríkissjóður, sveitarfélögin á Suðurnesjum og auk þess um 500 aðrir aðilar, félag og einstaklingar. Ríkissjóður á um 84% hlutafjárins. Hlutverk félagsins er að stofnsetja og reka sjóefnavinnslu á Reykjanesi. Starfsemi þess er framhald af starfsemi Undirbúningsfélags saltverksmiðju á Reykjanesi hf. sem áður hafði starfað um nokkurra ára skeið.

Í skýrslum iðnaðarráðherra til Alþingis um starfsemi ríkisfyrirtækja, stofnana og hlutafélaga með ríkisaðild fyrir árin 1983, 1984 og 1985, sem út hafa komið 1984, 1985 og 1986, hefur verið gerð grein fyrir starfsemi og afkomu félagsins.

Ekki er ástæða til að rekja forsögu félagsins en ljóst er að bjartsýnar áætlanir, sem kynntar voru á liðnum árum, hafa brugðist. Málefni fyrirtækisins voru mjög til umræðu haustið 1984 og var í skýrslunni til Alþingis fyrir árið 1984, sem út kom í maí 1985, gerð svofelld grein fyrir málefnum félagsins:

„Að vonum hafa málefni Sjóefnavinnslunnar verið talsvert til umræðu á síðustu mánuðum, bæði í fjölmiðlum, á Alþingi og hjá stjórnvöldum. Hér er um að ræða tilrauna- og þróunarverkefni sem ekki á sér hliðstæðu annars staðar í heiminum. Í raun er ekki um að ræða rekstur fyrirtækis á þessu stigi. Margt hefur reynst mun torveldara í saltframleiðslunni en ætlað var í upphafi, m.a. með hliðsjón af árangri í tilraunaverksmiðju. Af þeim sökum, ásamt þróun í vaxta- og gengismálum, hefur stofnkostnaður stöðugt hækkað. Er nú svo komið að ekki er fyrirsjáanlegt að stofnkostnaður endurheimtist nema að mjög takmörkuðu leyti.

Ekki hefur náðst samstaða í stjórn fyrirtækisins varðandi framtíðarhorfur og framhald málsins. Meiri hluti stjórnar hefur lagt til að lokið verði við byggingu 8 þúsund tonna verksmiðju, en það er talið kosta allt að 40 millj. kr. Minni hluti stjórnar hefur hins vegar lagt til að strax verði hætt við frekari uppbyggingu vegna saltframleiðslu og að leitað verði nýrra leiða til að nýta þá orku og aðstöðu sem fyrirtækið ræður yfir. Fulltrúar iðnaðarráðuneytisins í stjórn félagsins hafa eigi komið fram tillögum sínum um tafarlausa lokun saltverksmiðjunnar. Til málamiðlunar hefur iðnaðarráðherra fallist á að fyrirtækið starfi áfram næstu fimm til sex mánuði, en á sama tíma verði jafnframt gerð lokatilraun til að kanna nýja möguleika á vegum félagsins á breiðari grundvelli en hingað til. Þessi stefna hefur m.a. verið gerð möguleg með nýjum lánsfjárlögum. Í þessu sambandi réð stjórn félagsins Magnús Magnússon verkfræðing framkvæmdastjóra til bráðabirgða í júní 1985.“

## II. STARFSEMI FRÁ HAUSTINU 1985

Stjórn Sjóefnavinnslunnar samþykkti haustið 1985 áætlun um að hefja framleiðslu á 1850 tonnnum af kolsýru og þurrís auk þess að auka saltframleiðslu í 8000 tonn. Undirbúningur að uppbyggingunni og fyrirhuguðum breytingum hófst í ársbyrjun 1986. Fljótlega kom í ljós að eldri hönnunarforsendur, sem byggt var á, stóðust ekki hvað varðaði afköst saltframleiðslubúnaðarins og voru áætlanir endurskoðaðar og forsendum breytt. Félaginu var tryggt fjármögnun með láni frá Ríkisábyrgðasjóði út árið 1986, en áætlanir bentu til frekari fjárþarfar á árinu 1987 vegna framkvæmda og reksturs, auk þess var áætlað rekstrartap 1988.

Á þessu ári lýkur framkvæmdaáætluninni sem stjórn SEV ákvað að unnið yrði eftir og á að tryggja nægjanlegt fé í eigin rekstri til þess að starfrækja félagið, halda rekstri þess við og skila til baka þeirri nýfjárfestingu sem lagt var í samkvæmt áður nefndri áætlun.

Sjóefnavinnslan getur nú framleitt 1850 tonn af fljótandi kolsýru og þurrís og mun á þessu ári ráða yfir búnaði sem framleiðir 7000 tonn af salti á ári.

Of snemmt er að segja til um það hvort söluáætlanir SEV standast en ekkert bendir til annars en að þróunin verði svipuð og ráð var fyrir gert. Athuganir hafa leitt í ljós að ýmsir framleiðslumöguleikar geta verið mjög hagkvæmir á svæðinu. Framleiðsla á heilsusalti eða natríumsnauðu salti t.d. sýnist í fyrstu áhugaverð.

Kostnaðarsamar rannsóknir, undirbúningur, byrjunarframkvæmdir og gæsla, sem fjármögnuð var að mestu með erlendum lánum, hafa orðið til þess að skuldir hafa safnast upp og voru í október sl. um 530 millj. kr.

Þessar miklu skuldir gera framtíðarmöguleika Sjóefnavinnslunnar nánast enga. Ef skuldum væri létt af félaginu og eftir stæðu skuldir innan við 100 millj. kr. hefði Sjóefnavinnslan möguleika í framtíðinni.

Með tilliti til þess, að ríkissjóður Íslands og sveitarfélögin á Suðurnesjum eru langstærstu hluthafarnir, hljóta stjórnvöld að hafa hag af því að mynda arðvænlegt og ábatasamt félag, með því að létta skuldum af félaginu.

Frumáætlanir benda til þess að bygging og rekstur 4650 tonna heilsusaltsverksmiðju á Reykjanesi sé hagkvæmur kostur. Ef félaginu væri breytt eins og áður er nefnt telur stjórn félagsins að hægt væri að auka hlutfé þess á innlendum og erlendum markaði til að fjármagna byggingu og rekstur heilsusaltsverksmiðju. Ef slíkt á að takast þarf félagið að skila arði, en eldri skuldbindingar þess komu í veg fyrir það um langan tíma.

## III. FJÁRHAGSLEG ENDURSKIPULAGNING

Í ágúst sl. skipuðu iðnaðarráðherra og fjármálaráðherra nefnd sem koma átti með tillögur um fjárhagslega endurskipulagningu í félaginu. Markmið tillagnanna áttu að vera þrjúþætt.

- Hætt verði beinum afskiptum ríkisins af félaginu og það starfi framvegis eftir almennum lögum.
- Endurskipulagt félag verði áhugaverð fjárfesting.
- Félagið haldi áfram að rannsaka nýtingu jarðgufu til efnavinnslu og annars iðnaðar.

Í nefndinni eiga sæti Halldór J. Kristjánsson yfirlögfræðingur, iðnaðarráðuneyti, Sveinbjörn Óskarsson deildarstjóri, fjármálaráðuneyti, og Guðmundur Malmquist, stjórnarformaður Sjóefnavinnslunnar hf. Með nefndinni starfaði Magnús Magnússon, framkvæmdastjóri Sjóefnavinnslunnar.

Nefndin átti viðræður við áhugaaðila um þátttöku í endurskipulögðu félagi. Á grundvelli þessara viðræðna og arðsemisáætlana Sjóefnavinnslunnar mótaði nefndin eftir-

farandi tillögur um fjárhagslega endurskipulagningu félagsins ásamt skilmálum um kaup á eignarhlut ríkisins í því.

- a. Núverandi hlutafé, 40 000 000 kr., þar sem ríkið á 84%, sveitarfélög á Suðurnesjum 10% og einstaklingar 6%, verði fært niður í 4 000 000 kr. Hlutafé ríkisins að fjárhæð 3 360 000 kr. verði selt.
- b. Ríkissjóður létti af félaginu öllum skuldum við endurlánareikning ríkissjóðs og Ríkisábyrgðasjóð að fjárhæð u.þ.b. 520 millj. kr., svo og skuld við Sparisjóð Keflavíkur og nágrennis að fjárhæð u.þ.b. 10 millj. kr., en fái í staðinn verðtryggt veðskuldabréf að fjárhæð 70 millj. kr. sem beri 5% ársvexti og greiðist með jöfnum árlegum afborgunum á árunum 1991 til og með 1998. Veitt verði veðleyfi fyrir 25 millj. kr., verðtryggðum, vegna rekstrarfjárlána.
- c. Samhliða framangreindum breytingum verði hlutafé félagsins aukið um 50 millj. kr. án þátttöku ríkisins. Nýtt hlutafé greiðist að ¼ hluta í peningum en eftirstöðvar með verðtryggðu skuldabréfi til fimm ára sem beri 5% ársvexti.
- d. Til viðbótar við ofangreint skuldabréf til ríkisins skv. b-lið, sem er greiðsla fyrir núverandi vinnslumöguleika, sbr. arðsemisáætlun fyrir 7000 tonna saltframleiðslu og 1850 tonna kolsýruframleiðslu, greiði Sjóefnavinnslan fyrir aðrar eignir og staðarkosti 150 millj. kr., verðtryggðar miðað við lánsklaravísitölu. Þessi greiðsla verði háð arðsemi af vinnslu á svæðinu og greiðist sem hlutur, þ.e. 7,5% af árlegum rekstrarhagnaði fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld að undanskildum vaxtagreiðslum af stofnláni, sbr. b-lið.
- e. Sala hlutabréfa, sbr. a-lið, taki því aðeins gildi að kaupandi hlutabréfa skrifi sig fyrir jafnhárrí hlutdeild í hlutafjárukningu skv. c-lið og nemur hlutdeild í hlutafé ríkisins, sbr. a-lið.
- f. Félagið annist sjálf lausn ágreinings um skaðabótaskyldu vegna kolsýrusölu. Allar tölur eru á verðlagi í nóvember 1987 og miðast við yfirtöku um áramót. Nefndin hefur gert svofelldar skýringar við ofangreindar tillögur:

Við a-lið:

Eðlilegt þykir að hlutafé félagsins verði skrifað mjög verulega niður í tengslum við endurfjármögnunina.

Við b-lið:

Greiðslur til ríkissjóðs á 70 millj. kr. samsvara þeirri fjárhæð sem reksturinn nú stendur undir samkvæmt þeirri rekstraráætlun sem fyrir liggur. Svo sem rekstraráætlunin ber með sér verður uppsafnaður rekstrarfjárskortur mestur um 22 millj. kr. árið 1989. Félagið verður að leysa þessa fjárvöntun með lántöku og því er eðlilegt að veita veðleyfi. Meginhugsunin er sú að tryggja að endurskipulagt félag standi undir núverandi rekstri, þannig að 50 millj. kr. hlutafjárukningin verði notuð alfarið til nýsköpunar og uppbyggingar félagsins til að styrkja rekstrarforsendur þess.

Við c-lið:

Ætlast er til að hlutafjárukning nú sé notuð til að halda áfram uppbyggingu og rannsóknum sem eru í gangi og til að leita nýrra leiða til nýtingar háhita. Samkvæmt þeim rekstraráætlunum, sem liggja fyrir, á núverandi framleiðsla (7000 tonn salt og 1850 tonn CO<sub>2</sub>) að standa undir rekstri félagsins að öðru leyti, þ.e. að fengnu veðleyfi, sbr. b-lið.

Við d-lið:

Eftir er að verðleggja hluta af eignum félagsins sem nú skila engum arði til félagsins, svo sem jarðorku sem er ónotuð en virkjuð, sbr. samninginn við ríkið og sveitarfélögin á Suðurnesjum frá 2. janúar 1979. Þá má líka horfa til þeirra rannsókna sem fram hafa farið á notkun kíslar og framleiðslu á heilsusalti og þeirra tekjumöguleika er í því liggja. Að öllu athuguðu þykir rétt að leggja til að þessi verðmæti verði metin á 150 millj. kr. Vegna óvissu um tekjumöguleika af þessu þykir rétt að fjárhæðin greiðist sem hlutfall af rekstrarhagnaði

fyrir fjármagnstekjur og gjöld að undanskildum vöxtum af stofnláni. Hafa ber í huga að greitt er afgjald fyrir jarðhitaréttindin til ríkisins og sveitarfélaganna sem er 0,5% af brúttótekjum.

Við e-lið:

Rétt þykir að sala á hlutafé ríkisins, þ.e. 3 360 000 kr. (eftir niðurskrift í 10%), fari eigi fram nema viðkomandi aðili skrifi sig fyrir jafnhárrí prósentu af hinu nýja hlutafé, þ.e. af 50 millj. kr. hlutafjárukningunni. Gengið er út frá því að ríkið muni ekki afskrifa skuldir fyrirtækisins nema nýir aðilar leggi fram verulegt nýtt hlutafé í félaginu.

Við f-lið:

Sjóefnavinnslan hf. varð nýlega fyrir óhappi varðandi sölu á kolsýru til tveggja gosframleiðenda og hefur komið fram skaðabótakrafa á hendur félaginu. Ekki er nú vitað um bótaskyldu né hugsanlega fjárhæð bóta. Telja verður skynsamlegt að verksmiðjan semji við gosframleiðendur í tengslum við áframhaldandi viðskipti.

#### IV. NÆSTU SKREF

Á hluthafafundi Sjóefnavinnslunnar hf. 31. okt. 1987 var eftirfarandi samþykkt samhljóða:

1. Hlutafé Sjóefnavinnslunnar hf., sem nú er skráð á nafnverði um 40 000 000 kr. og er þá meðtalið ógreitt hlutafjárloforð, lækki og verði skráð á 4 000 000 kr. miðað við nóvember 1987. Hlutafé lækkar því um 36 000 000 kr. Lækkunarfénu skal varið til jöfnunar taps sem ekki verður jafnað á annan hátt.

2. Hlutafé félagsins, lækkað skv. 1. tölul., skal hækkað um 50 000 000 kr., þ.e. í 54 000 000 kr., miðað við verðlag í nóvember 1987 með áskrift nýrra hluta er greiðast þannig:

2.1. 25% við áskrift.

2.2. 75% með skuldabréfi til fimm ára er greiðist með fjórum jöfnum afborgunum 1. júní ár hvert árin 1988, 1989, 1990 og 1991. Skuldabréfið verði verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu í nóvember 1987 og beri 5% ársvexti. Setja skal fullnægjandi tryggingar fyrir bréfinu samkvæmt mati viðskiptabanka félagsins.

Samkvæmt 28. gr. hlutafélagalaga eiga hluthafar rétt til að skrá sig fyrir nýjum hlutum í réttu hlutfalli við hlutafjáreign sína. Nú notar einhver hinna eldri hluthafa ekki áskriftarrétt sinn að fullu og eiga þá aðrir hluthafar aukinn rétt til áskriftar. Að því frágengnu er áskrift öllum heimil.

Hlutir skulu hljóða á nafn.

Hækkun hlutafjár tekur eigi gildi nema áskrift fyrir 80% hlutanna fái.

Frestur til áskriftar er fjórar vikur og skulu hluthafar nýta forgangsrétt sinn innan þriggja vikna.

Stjórn félagsins skal skipta hlutum, ef aðilar skrá sig fyrir meira hlutafé en boðið er út, og taka aðrar nauðsynlegar ákvarðanir um hlutafjárukninguna.

Viðræður standa yfir við Hitaveitu Suðurnesja um kaup á hlutafé ríkisins og með forgangsáskrift að nýju hlutafé í sama hlutfalli.

Í framhaldi af kaupunum er gert ráð fyrir því að Hitaveita Suðurnesja selji hluta af sínu hlutafé til áhugaaðila.

Til skýringar fylgja arðsemisáætlanir Sjóefnavinnslunnar hf. sem eru tvær og kallast aðaltilvik og engin kísl. Aðaltilvikið gerir ráð fyrir að undirbúningurinn að markaðssetningu kíslarinnar beri árangur og nokkurt magn af kísl seljist á innlendum og erlendum markaði. Tilvikið engin kísl sýnir greiðslumöguleika núverandi reksturs ef ekki tekst að selja kíslina.

Fjárhagslega endurskipulagningin, sem stefnt er að, tekur mið af þessari óvissu um tekjur félagsins í framtíðinni.

Fylgiskjal I.

**Efnahagsreikningur.**

**Bráðabirgðayfirlit 31. október 1987.**

<b>Eignir:</b>	31.10.1987	31.12.1986
	'000	'000
<b>VELTUFJÁRMUNIR:</b>		
Bankainnstæður .....	360	41 092
Skammtímakröfur .....	2 332	2 949
Fyrirframgreiðslur .....	214	1 109
Birgðir .....	825	943
	<hr/>	<hr/>
	3 731	46 093
<b>FASTAFJÁRMUNIR:</b>		
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	232	0
Stofnframkvæmdir og tilraunavinna .....	720 340	577 118
Bifreiðar, vélar og áhöld .....	2 754	3 698
	<hr/>	<hr/>
	723 326	580 816
<b>Eignir samtals</b>	<b>727 057</b>	<b>626 909</b>
<b>Skuldir og eigið fé:</b>		
<b>SKULDIR:</b>		
Yfirdráttarlán .....	8 809	0
Viðskiptaskuldir .....	4 200	3 492
Ýmsar skammtímaskuldir .....	1 335	1 282
Ríkissjóður, endurlán ásamt vöxtum .....	520 844	486 979
	<hr/>	<hr/>
	535 188	491 753
<b>EIGIÐ FÉ:</b>		
Hlutfé .....	39 817	32 206
Annað eigið fé .....	152 052	102 950
	<hr/>	<hr/>
	191 869	135 156
<b>Skuldir og eigið fé samtals</b>	<b>727 057</b>	<b>626 909</b>

## Fylgiskjal II.

**Arðsemisáætlun Sjóefnainnslunnar hf.  
Aðaltílik, verðlag 1. nóv. 1987.  
(Allar upphæðir eru í þúsundum króna.)**

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Alls
Sala alls .....	29.992	42.885	58.017	68.757	80.067	81.582	83.142	83.142	83.142	83.142	83.142	83.142	860.122
Sólu kostnaður alls .....	4.174	4.820	5.345	5.563	5.720	5.783	5.887	5.887	5.887	5.887	5.887	5.887	66.729
Nettó sölutekjur .....	25.818	39.035	52.672	63.194	74.347	75.799	77.255	77.255	77.255	77.255	77.255	77.255	793.393
Breytilegur kostnaður .....	3.520	5.051	5.997	6.743	7.283	7.500	7.856	7.856	7.856	7.856	7.856	7.856	83.230
Fastur kostnaður .....	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	407.808
Opinber gjöld .....	234	340	466	557	652	806	1.049	1.280	1.513	1.748	1.983	2.221	12.850
Greiðslufkoma rekstrar .....	-11.921	-1.340	12.224	21.911	32.428	33.509	34.366	34.134	33.901	33.667	33.431	33.194	289.504
Greiddur tekjuskattur .....							4.844	11.864	11.943	12.022	12.099	12.176	64.948
Vextir stofnlána .....	3.500	3.500	3.500	3.500	3.063	2.625	2.188	1.750	1.313	875	438		26.250
Afborganir stofnlána .....				8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	70.000
Nettó fjárstreymi .....	-15.421	-4.840	8.724	9.661	20.615	22.134	18.584	11.770	11.896	12.020	12.144	21.017	128.304

Arðsemi, innri vextir af heildarfjárfestingu fyrir sköttun 19% (raunvextir).

**Arðsemisáætlun Sjóefnavinnslunnar hf.**  
**Engin kísl, verðlag 1. nóv. 1987.**  
 (Allar upphæðir í þúsundum króna.)

	1988	1989	1990	1991	1992	1993	1994	1995	1996	1997	1998	1999	Alls
Sala alls .....	29.835	42.070	51.737	56.197	59.657	61.732	62.732	62.732	62.732	62.732	62.732	62.732	677.060
Söluakostnaður alls .....	4.174	4.820	5.345	5.563	5.720	5.783	5.887	5.887	5.887	5.887	5.887	5.887	66.729
Nettó sölutekjur .....	25.661	37.250	46.392	50.634	53.937	55.389	56.845	56.845	56.845	56.845	56.845	56.845	610.331
Breytilegur kostnaður .....	3.520	5.051	5.997	6.743	7.283	7.500	7.856	7.856	7.856	7.856	7.856	7.856	83.230
Fastur kostnaður .....	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	33.984	407.808
Opinber gjöld .....	223	333	413	450	478	491	504	504	504	563	657	754	5.884
Greiðsluafkoma rekstrar .....	-12.076	-2.118	5.997	9.458	12.191	13.414	14.501	14.501	14.501	14.442	14.347	14.250	113.408
Greiddur tekjuskattur .....											573	4.877	5.450
Vextir stofnlána .....	3.500	3.500	3.500	3.500	3.063	2.625	2.188	1.750	1.313	875	438		26.250
Afborganir stofnlána .....				8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750	8.750		70.000
Nettó fjárstreymi .....	-15.576	-5.618	2.497	-2.792	379	2.039	3.563	4.001	4.438	4.817	4.587	9.373	11.708

Arðsemi, innri vextir af heildarfjárfestingu fyrir sköttun 5% (raunvextir).

## **Skýringar við arðsemisáætlun Sjóefnavinnslunnar hf. 1. nóv. 1987.**

Félagið hefur gert tvær áætlanir sem nefnast aðaltilvik og engin kísl.

Aðaltilvik gerir ráð fyrir að sá undirbúningur, sem Sjóefnavinnslan hf. og samstarfsfélög hennar hafa unnið að, beri árangur og nokkurt magn kíslar seljist á innlendum og erlendum markaði.

Tilvikið engin kísl sýnir greiðslumöguleika félagsins ef ekki tekst að markaðsfæra kíslina.

Forsendur áætlanna eru eftirfarandi:

1. Miðað er við fast verðlag 1. nóv. 1987.
2. Félagið er afskrifað á tólf árum og ekki er gert ráð fyrir skrapvirði í lok tímabilsins.  
Heildarfjárfesting er 74 millj. kr.  
Afskriftarstofn er 72 millj. kr.  
Hlutafé er 4 millj. kr. og langtímalán 70 millj. kr. sem greiðist á átta árum og ber 5% raunvexti.
3. Tekjur og sölukostnaður.
  - 3.1. Saltinnflutningur til landsins hefur verið á bilinu 60–80 þús. tonn. Á Reykjanesi einu er saltnotkun áætluð um 20 þús. tonn.  
Gert er ráð fyrir að framleiða tæp 7000 tonn af grófu og fínu salti í fyrstu en rúm 7000 tonn að þremur árum liðnum.  
Grófa saltið notast í hefðbundna saltfiskverkun en fína saltið í þækil fyrir tandurfisk, rækju til sprautusöltunar og í síld.  
Gert er ráð fyrir að Reykjanesið verði stærsti markaður félagsins og að félagið komi upp millilager í stærstu byggðarlögunum á Reykjanesi eins og þegar hefur verið gert.  
Reiknað er með að raunverð á salti lækki næstu tvö árin og verði síðan sambærilegt við það sem nú er.
  - 3.2. Gert er ráð fyrir að Sjóefnavinnslan hf. hafi 45%–55% af kolsýrumarkaðinum næstu tvö til þrjú árin en auki síðan hlutdeild sína vegna tilkomu nýrra markaða sem áður voru ónýttir. Hér er sérstaklega átt við kolsýru til notkunar í gróðurhúsum og við gaspökkun og frystingu matvæla, ásamt auknum markaði fyrir þurrís til að viðhalda frosti eða kælingu í matvælum við geymslu eða í flutningum. Bent er á að kolsýrumarkaðurinn hefur vaxið töluvert síðan Sjóefnavinnslan hóf framleiðslu sína. Samkeppnin leiddi til verulegrar lækkunar á verði kolsýru og þurríss hér á landi. Verð á kolsýru og þurrís er nú ívið hærra en gerist í nágrennalöndunum. Framleiðsla bjórs og útflutningur á kolsýrðu vatni gæti haft veruleg áhrif á stærð markaðarins í framtíðinni. Reiknað er með að verð á kolsýru geti jafnvel lækkað frá því sem nú er vegna aukinnar samkeppni sem mun auka markaðinn enn frekar.
  - 3.3. Mjög varlega er áætlað um sölu á kísl í framtíðinni. Niðurstöður þeirra rannsókna sem fram hafa farið og kynning á kíslinni gefa ástæðu til að áætla nokkra sölu á innlandan og erlendan markað.  
Kíslin notast í þrennum tilgangi. Fyrir psoriasis-sjúklinga, gegn unglingsbólum og sem húðhreinsir.
4. Framleiðslukostnaður.
  - 4.1. Breytilegur kostnaður.  
Aðföng eru lítill hluti kostnaðar og eru aðallega lútur, sýra, pokar og bretti.  
Kostnaðurinn miðast við raunkostnað félagsins.
  - 4.2. Fastur kostnaður.  
Fastur kostnaður er að meginhluta laun og tengd gjöld ásamt viðhaldi á vélum og mannvirkjum. Fjöldi starfsmanna er áætlaður 15 og nægir það til að reka núverandi félag.

Ekki er gert ráð fyrir þeim kostnaði sem könnun nýrra framleiðslumöguleika fylgir heldur er hér eingöngu reiknað með að félagið aðhafist ekkert frekar umfram núverandi rekstur, þ.e. framleiðslu á salti, kolsýru, þurrís og e.t.v. kísl.

5. Greiðsluafkoma rekstrar og nettó fjárstreymi.

Rekstrartap er áætlað á árunum 1988 og 1989 sem brúa þarf með rekstrarfjárlánum. Bæði tilvikin sýna að reksturinn stendur undir áætluðum rekstrarfjárlánum ásamt 70 millj. kr. stofnláni. Uppsafnað fjárstreymi í lok tólf ára tímabils er síðan háð því hversu miklu af kísl tekst að koma á markað.

**Niðurlag.**

Áætlunin er samantekt úr mun flóknari áætlunum sem félagið getur ekki birt opinberlega enda getur slíkt skaðað félagið og orðið til þess að sett markmið náist ekki.

Á þessu ári hefur kostnaður aukist verulega vegna innlendrar hækkunar en tekjur hafa staðið í stað og miðast áætlanirnar að mestu við núverandi söluverð afurða. Lækkun krónunnar eða hækkun bandaríkjadals mun leiða til hækkunar á innfluttu salti og olíu en keppinautar félagsins um sölu á kolsýru framleiða sína kolsýru með brennslu á olíu.

Ofantaldar breytingar hafa því áhrif á tekjur félagsins til hækkunar.